

1864.

7. marz.

hvort þau tómtús, sem greitt var lóðargjald af til bæjarins, þá er lagaboðið kom út, eigi ekki yfir höfuð að vera undan þegin frá að gjalda annan lóðarskatt, vegna þess að í 4. grein í lagaboðinu standa þessi orð: „tómtús sem eigi hefir hingaðtil verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda“, þá skal þess getið, að eptir því, er fram fór í málinu áður en lagaboðið kom út, virðist enginn efi vera á því, að með orðinu „lóðareiganda“ hefir aðeins verið átt við einstaka menn, er eiga lóðir, með því gjört var ráð fyrir, að af tómtúsunum á lóð bæjarins hafi ekki verið svarað neinu lóðargjaldi til bæjarsjóðsins. Annars er vitaskuld, að leita má úrlausnar dómstólanna um, hvernig skilja eigi lagaboð þetta.

Um 2. spurn. Hærra lóðargjald en það, sem hæst er ákveðið í 4. grein lagaboðsins, en það eru 16 álnir, verður aldrei lagt á neina lóð, nema svo sé, að hlutaðeigandi sjálfur undirgangist að greiða viðbót við gjald þetta, sem skilyrði fyrir því, að hann fái viðauka við lóð þá, er hann hefir.

17. Bréf dómstálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að gefa út rit um skattana á Íslandi.

7. marz.

Með bréfi 23. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Jóni landsyfírréttardómara Péturssyni um 200 til 300 ríkisdala styrk úr almennum sjóði til að gefa út rit á íslenzku um skattana á Íslandi. Um þetta efni skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni landsyfírréttardómara Péturssyni, að þegar búið er að senda hingað handritið til bókarinnar, með álitu yðar um ritið, þá mun verða gjör yfirvegað, hvort nokkur styrkur verði veittur til að gefa það út.